



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - atvinnuveganefnd
nefundasvid@althingi.is

Reykjavík 2. október 2014

1409158SA AGB
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins og réttindavernd netnotenda, þingskjal 16 - 16 mál, 144 löggjafarþing 2014-2015, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis 26. september 2014.

Tillagan felur í sér að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa starfshóp til að móta stefnu um vistkerfi fyrir hagnýtingu internetsins og annarrar upplýsingatækni.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur þörf á að setja af stað slíka vinnu og vill koma á framfæri einni ábendingu í því sambandi. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni eru háhraða innviðir ein af meginstöðunum fyrir öflugum vistkerfi til hámarkshagnýtingar á internetinu. Góðar nettengingar geta gert Íslandi kleift að nýta sér hagkerfi internetsins þrátt fyrir landfræðilega fjarlægð frá mörkuðum. Rétt er að halda því til haga að ennþá búa ekki allir landsmenn við aðgang að háhraðatengingum. Íbúar víða úti landi hafa ekki sömu aðstöðu til að nýta sér tækifæri internetsins og aðrir landsmenn. Háhraðatengingar eru eitt mikilvægasta úrræðið sem býðst í dag til að tryggja jákvæða byggðapróun í landinu. Þær eru t.d. forsenda þess að ferðaþjónusta geti blómstrað í öllum landshlutum. Það er ekki lögbundið verkefni sveitarfélaga að byggja upp fjarskiptainnviði og þau hafa ekki burði til að byggja upp háhraðatengingar á eigin spýtur. Samkvæmt 1. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, skal íslenska ríkið tryggja, eftir því sem unnt er, að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu. Mikilvægt er að ríkið móti stefnu um uppbyggingu háhraðatenginga fyrir alla landsmenn og að væntanlegur starfshópur hafi stöðu dreifbýlisins í huga í sinni vinnu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri